

## Fjallið Skjaldbreiður

Þegar farið er eftir Kaldadalsvegi milli Árnassýslu og uppsveita Borgarfjarðar dregur fjallið Skjaldbreiður óneytanlega að sér athygli ferðamannsins. Þetta forna, fagurformaða eldfjall er einstakt og sker sig algerlega úr þeim fjöllum, sem nálægt því eru hvað varðar form og lögun. Talið er að það sé allt að 9 þúsund ára gamalt og hafi myndast í löngu gosi eftir að ísöld lauk þar sem hinir miklu hraunstraumar gátu hindrunarlaust flætt til allra átta. Með þeim hætti hlóðst fjallið upp og er nú til að sjá eins og skjöldur á hvolfi. Hvernig landlagið var fyrir þessar hamfarir getur enginn sagt um, en tveir móbergshnúkar, sem standa sunnan í fjallinu og hafa verið nær kaffærðir í hrauninum gefa smá vísbendingu um, að ef til vill leynist fleiri slíkir frá tímum ísaldar undir hraunkápunni.

Hraunstraumarnir runnu langt og þeir lengstu allt suður í Þingvallalægðina og mun unnt að finna þar Skjaldbreiðarhraun undir hraunum, sem runnu síðar frá gígum á Tindfjallaheiði austan við hrafnabjörg og þeir þekkja sem hafa heimsótt Þingvelli.

Skjaldbreiður er annar stærsti hraunskjöldur á Íslandi, hinn er Trölladyngja í Ódáðahrauni. Hæð fjallsins er 1060 m y.s. og það er, sökum lögunar sinnar, eitt þeirra fjalla sem fært er frá öllum áttum. Skiptir engu hvaðan gengið er og því óþarfi að gefa sérstaka lýsingu á “bestu upgönguleið”.

Fyrrum var venjulegast gengið á fjallið af Kaldadalsvegi frá Sandkluftavatni eða frá Hlöðuvöllum, en þetta breyttist eftir að raflínan frá Búrfellsvirkjun til Borgarfjarðar var lögð fyrir norðan Skjaldbreið. Þá var gerður vegur meðfram línustæðinu, svonefndur Línuvegur, sem enn er fær fjórhjóladrifnum bílum. Við það styttist leiðin á fjallið afar mikið og mun hafa orðið mörgum hvatning til að ganga á það, enda öllum fært, sem á annað borð geta og vilja stunda þá hollu iðju.

Í toppi fjallsins er mikill og djúpur gígur. Hann er hringlaga, um 300 m í þvermál og er auðvelt að ganga allan hringinn eftir börmum hans. Þótt Skjaldbreið sé rúmir 1000 m á hæð y.s. er ekki mjög víðsýnt þaðan, því nærri fjallinu eru mörg há og mikilúðug fjöll sem skyggja á. Má þar m.a. nefna Þórisjökul, Hlöðufell, Skriðuna, Botnssúlur og Ok.

Forfeður okkar eyddu ekki miklum tíma í að ganga á fjöll, enda á því engin þörf, ef erindið taldist ekki til nytsemda. En Skjaldbreiður hefur samt verið þeim hugstæð ef marka má eftirfarandi kafla úr sögu Bárðar Snæfellsáss: “Segja það og nokkrir menn, að verið hafi að leikum í Skjaldbreið Ormur Stórolfsson og glímdi við Bergþór og hafi Ormur af borið. Þar var og Ormur skógarnefur ungur. Hann glímdi við Þóri úr Þórisdal. Sá dalur er í Geitlandsjökli. Var Þórir þeirra drjúgari. Þar var og Þórálfur Skólmsson og glímdi við Hallmund úr Balljökli. Var nær um með þeim, en Bárður þótti þeim sem sterkastur mundi vera. Skildi svo þessa leika að ekki varð fleira til tíðinda”. Og í sögu Ármanns í Ármannsfelli segir að fyrrum hafi bærinn Eiríksstaðir staðið við fjallið og hét bóndinn Eiríkur. “Hann var auðugur maður og kvongaður og átti mörg börn, bæði syni og dætur”. Þar var “byggð mikil, þó nú sé af fallin fyrir óveðráttu og sandfjúki, samt sjást þar tæfur margar”. Sé eitthvert sannleikskorn að finna í þessum sögum, sjást nú engin ummerki um byggð á þessum slóðum svo mér sé kunnugt. En frá nágrenni Skjaldbreiðs kemur enn “sandfjúk” í “óveðráttu” sem allir þekkja sem heima eiga í Þingvallasveit og nálægum byggðum.

En það voru fleiri en Ármann og Bárður, sem áttu spor um hlíðar Skjaldbreiðar. Á flóttu um landið barst útlaginn Grettir Ásmundsson í Þórisdal, sem er milli Þórisjökuls og Geitlandsjökuls. Þar dvaldi hann um hríð og leið vel. Síðan segir svo í sögunni Grettis: “Fór hann þá í burtu úr dalnum og gekk suður þvert af jökulum og kom þá norður að undir Skjaldbreið. Þar reisti hann upp hellu og klappaði í rauf og

sagði svo: ef maður legði auga sitt við raufina í hellunni, þá mætti sjá gil það sem fellur úr Þórisdal”.

Það var ekki fyrr en sumarið 1792 sem Sveinn Pálsson gekk á Skjaldbreið fyrstur manna svo vitað sé. Sumarið 1833 var Björn Gunnlaugsson skólakennari á Bessastöðum í rannsóknarferð um Ísland og gekk á fjallið. Reyndi hann þá m.a. að glöggva sig á því, hvar Grettir hefði reist helluna, en tókst ekki að finna hana þrátt fyrir ítarlega leit. Eftir því sem best er vitað hefur hún ekki fundist enn.

Jónas Hallgrímsson var þó ekki að leita að hellu Grettis er hann reið umhverfis Skjaldbreið aðfaranótt 15. júlí 1841. Eftir þá ferð orti hann hið stórkostlega kvæði; Fjallið Skjaldbreiður, sem allir Íslendingar þekkja, sem hafa áhuga á ljóðum á annað borð.

“Fanna skautar faldi háum, fjallið allra hæða val” segir skáldið í upphafi ljóðsins. Eftir orðanna hljóðan hefur þá verið snjór á toppi þess, en ekki fylgir sögunni, hvort um var að ræða nýfallna mjöll eða samfellda skafla. Nú bræðir sumarsólin allan vetrarsnjó af hlíðum fjallsins, aðeins í gígnum má finna skafla sem aldrei þiðna.

Vinir bárðar Snæfellsáss héldu sitt íþróttamót við Skjaldbreið. Síðan hefur mikið vatn runnið til sjávar. En á síðustu árum hefur fjallið aftur orðið vinsæll leikvöllur, ekki kraftajötna og glímukónga, heldur riddara hjarnbreiðunnar, vélsleðakappa og ökuþóra, sem fara um öræfin á breiðdekkja torfærutröllum. Og uppi á gígbörmunum er meira að segja efnt til veislufagnaðar á góðviðris vetrardögum. Þannig breytast tímarnir.

(Mbl. 20. september 1991)